

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 8. maí 1967.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

fyrir Heilsuverndarstöð Kópavogskaupstaðar.

1. gr.

Hlutverk Heilsuverndarstöðvar Kópavogs er fyrst um sinn heilsugæzla í eftirtöldum greinum:

- a. **Mæðravernd:** Eftirlit með barnshafandi konum.
- b. **Barnavernd:** Eftirlit með heilsufari ungbarna og barna innan skólaskyldualdurs (0—7 ára), svo og ónæmisáðgerðir gegn barnaveiki, stífkrampa, kíkhósta, kúabólu, mænusótt.

2. gr.

Stjórn Heilsuverndarstöðvar skipuleggur frekari starfsemi stöðvarinnar.

3. gr.

Stjórn Heilsuverndarstöðvarinnar er skipuð fimm mönnum. Bæjarstjórn kýs formann stjórnarinnar og tvo meðstjórnendur, einn er tilnefndur af heilbrigðismálaráðuneytinu, og einn af sjúkrasamlagi Kópavogs.

Kjörtímabil stjórnarinnar er hið sama og bæjarstjórnar. Stjórnin annast rekstur Heilsuverndarstöðvarinnar í umboði bæjarstjórnar Kópavogskaupstaðar og skulu fundargerðir stjórnarinnar lagðar fyrir bæjarráð og bæjarstjórn til staðfestingar.

4. gr.

Heilsuverndarstöðin skal hafa aðskilið reikningshald.

Um skiptingu kostnaðar og annað, sem við kemur rekstri heilsuverndarstöðvarinnar fer eftir lögum um heilsuvernd nr. 44/1955.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 3. gr. heilsuverndarlaga nr. 44/1955 staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. apríl 1967.

Jóhann Hafstein.

Jón Thors.